

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2007**

2020/EES/26/14

frá 18. nóvember 2019

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 3. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit ⁽²⁾), einkum a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót reglum um framkvæmd opinbers eftirlits af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með dýrum og vörum sem koma inn í Sambandið til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengda matvælakeðju.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 ⁽³⁾ breytti reglugerð (ESB) 2017/625 með því að bæta heyi og hálm og matvælum, sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir), við flokka vara í b-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625 á alltaf að framvísa tilteknum flokkum dýra og vara frá þriðju löndum á landamæraeftirlitsstöðvum til að opinbert eftirlit sé haft með þeim fyrir komu þeirra inn í Sambandið. Til viðbótar við dýr eru afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum, hey og hálmur og samsettar afurðir meðal þeirra flokka sem ætti ávallt að framvísa til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum.
- 4) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á skrár yfir mismunandi dýr og afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum, hey og hálm og samsettar afurðir sem skal framvísa til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum ásamt upplýsingum um viðeigandi númer þeirra í sameinuðu nafnaskránni sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽⁴⁾.
- 5) Þar eð afleiddar afurðir eru undirflokkur aukaafurða úr dýrum ætti að taka þær með í skrárnar og tilgreina ætti SN-númer þeirra til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 312, 3.12.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

(2) Stjútíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/478 frá 14. janúar 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar flokka sendinga sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (Stjútíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4).

(4) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjútíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

- 6) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um ákvæði sem varða dýr og afurðir, þ.m.t. samsettar afurðir, sem falla undir heilbrigðisefirlit með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöðvum á landamærum í samræmi við tilskipanir ráðsins 91/496/EBE ⁽⁶⁾ og 97/78/EB. Ný skilyrði fyrir komu samsettra afurða inn í Sambandið munu gilda frá 21. apríl 2021 í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 ⁽⁷⁾. Því er rétt að núverandi reglur, sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/275/EB, sem varða samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum gildi áfram þangað til og að þessi reglugerð gildi ekki um samsettar afurðir. Í því skyni að forðast skörun lagaákvæða ætti þessi reglugerð að breyta ákvörðun 2007/275/EB með því að takmarka gildissvið hennar við samsettar afurðir.
- 7) Í því skyni að auðvelda opinbert eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda á landamæraeftirlitsstöðvum, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, ætti að lýsa dýrum, afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, afleiddum afurðum og heyi og hálm, sem falla undir slíkt opinbert eftirlit, nákvæmlega í skránni sem komið er á í þessari reglugerð.
- 8) Að því er varðar tiltekin SN-númer er þar að auki í þessari reglugerð einungis skráður hluti af þeim dýrum og afurðum sem falla undir viðkomandi vörulið eða undirlíð. Í slíkum tilvikum ætti að veita viðbótarupplýsingar í þessari reglugerð um viðkomandi dýr og afurðir sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum.
- 9) Þar eð ákvæðin í reglugerð (ESB) 2017/625, sem gilda um þau málefni sem falla undir þessa reglugerð, koma til framkvæmda frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sömu dagsetningu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er komið á fót skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum, afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um samsettar afurðir.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „afurðir úr dýraríkinu“: afurðir úr dýraríkinu eins og þær eru skilgreindar í lið 8.1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁸⁾,
- 2) „ómeðhöndlaðar svínsburstir“: ómeðhöndlaðar svínsburstir eins og þær eru skilgreindar í 33. lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽⁹⁾,

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjútíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðisefirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (Stjútíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56).

⁽⁷⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/625 frá 4. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar kröfur vegna komu sendinga af tilteknum dýrum og vörum, sem eru ætluð til manneldis, inn í Sambandið (Stjútíð. ESB L 131, 17.5.2019 bls. 18).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjútíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjútíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

- 3) „ómeðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar“: ómeðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar eins og þau eru skilgreind í 30. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- 4) „ómeðhöndlað hár“: ómeðhöndlað hár eins og það er skilgreint í 32. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- 5) „millistigsafurð: millistigsafurð eins og hún er skilgreind í 35. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- 6) „verkaðar húðir og skinn“: verkaðar húðir og skinn eins og þau eru skilgreind í 28. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,
- 7) „ómeðhöndluð ull“: ómeðhöndluð ull eins og hún er skilgreind í 31. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

3. gr.

Opinbert eftirlit með dýrum og vörum sem eru tilgreind í I. viðauka

Þau dýr og vörur, sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð, skulu falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625.

4. gr.

Breytingar á ákvörðun 2007/275/EB

Ákvörðun 2007/275/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. apríl 2007 um skrár yfir samsettar afurðir sem skulu sæta eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum“

- 2) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um reglur varðandi samsettar afurðir sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum við komu inn í Sambandið.“

- 3) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Opinbert eftirlit með samsettum afurðum sem eru tilgreindar í I. viðauka

1. Samsettar afurðir, sem eru tilgreindar í I. viðauka við þessa ákvörðun, skulu falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (*).

2. Við upphaflegt val á samsettum afurðum vegna opinbers eftirlits, sem er framkvæmt á grundvelli sameinuðu nafna-skrárinna í 1. dálki I. viðauka, skal taka mið af vísun til sérstaks texta eða löggjafar sem um getur í 3. dálki I. viðauka.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).“

- 4) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:
- „**Samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit**“
- b) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:
- „Eftirfarandi samsettar afurðir skulu falla undir opinbert eftirlit.“
- 5) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

Undanþága fyrir tiltekna samsettar afurðir

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skulu eftirfarandi samsettar afurðir, sem innihalda engar kjötafurðir, ekki falla undir opinbert eftirlit:

- a) samsettar afurðir, þar sem minna en helmingur innihaldsins er einhver önnur unnin afurð, að því tilskildu að slíkar afurðir:
- i. haldi stöðugleika við geymslu við umhverfshita eða það sé öruggt að þær hafi verið fulleldaðar við framleiðslu eða meðhöndlaðar með hitun, svo að allt efnið hitni í gegn, þannig að allri hrárrí afurð sé eðlisbreytt,
 - ii. séu greinilega auðkenndar sem afurðir ætlaðar til manneldis,
 - iii. séu pakkðar í tryggum umbúðum eða í innsigliðum, hreinum gámum,
 - iv. hafi meðfylgjandi viðskiptaskjal og séu merktar með opinberu tungumáli aðildarríkis, þannig að bæði skjal og merkingar veiti upplýsingar um eðli, magn og fjölda pakkninga með samsettu afurðunum, upprunaland, framleiðanda og innihaldsefni,
- b) samsettar afurðir sem eru tilgreindar í II. viðauka.

2. Allar mjólkurafurðir í samsettu afurðum skulu þó aðeins vera frá löndum sem eru tilgreind í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 (*) og hafa verið meðhöndlaðar eins og fram kemur í þeim viðauka.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrá mjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til manneldis (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).“

- 6) Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR DÝR, AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU, KÍMEFNI, AUKAAFURÐIR ÚR DÝRUM, AFLEIDDAR AFURÐIR OG HEY OG HÁLM SEM FALLA UNDIR OPINBERT EFTIRLIT Á LANDAMÆRAEFTIRLITSSTÖÐVUM EINS OG UM GETUR Í 3. GR.*Athugasemdir:***1. Almennar athugasemdir**

Almennum athugasemdum er bætt við tiltekna kafla til að skýra nánar hvaða dýr eða vörur falla undir viðkomandi kafla. Ef nauðsyn krefur er þar að auki vísað til sértækra krafna sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽¹⁾.

2. Athugasemd við kafla

Skránum í þessum viðauka er skipað niður í kafla sem samsvara viðkomandi köflum í sameinuðu nafnaskránni (SN) eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽²⁾.

Athugasemdirnar við kaflana eru skýringar sem eru teknar, ef nauðsyn krefur, úr athugasemdum við einstaka kafla í sameinuðu nafnaskránni.

3. Útdráttur úr skýringum og álit varðandi flokkun í samræmdu tollskránni

Viðbótarupplýsingar um mismunandi kafla hafa verið dregnar út, ef nauðsyn krefur, úr skýringum og álitum varðandi flokkun í samræmdu tollskrá Alþjóðatollastofnunarinnar.

*Töflur:***4. 1. dálkur — SN-númer**

Í þessum dálki kemur fram SN-númerið. Sameinaða nafnaskráin (SN), sem komið var á fót með reglugerð (EBE) nr. 2658/87, byggist á alþjóðlegum samningi um samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrá sem tollasamvinnuráðið, nú Alþjóðatollastofnunin, samþykkti með alþjóðasamningnum sem var gerður í Brussel 14. júní 1983 og samþykktur fyrir hönd Efnahagsbandalags Evrópu með ákvörðun ráðsins 87/369/EBE ⁽³⁾ (hér á eftir nefndur ST-samningurinn). Í sameinuðu nafnaskránni eru notaðir sex tölustafa vöruliðir og undirliðir ST-skrárinnar og sjöunda og áttunda tölustafnum einungis bætt við til að búa til frekari undirliði sem eru einstakir fyrir hana.

Ef notað er fjögurra tölustafa númer: Ef annað er ekki tekið fram skal leggja allar afurðir, sem hafa þennan fjögurra tölustafa kóða sem forskeyti eða sem falla undir þessa fjóra tölustafi, fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðvum. Í flestum þessarar tilvika eru viðeigandi SN-númer, sem er að finna í Traces-kerfinu sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB ⁽⁴⁾, sundurliðuð í sex eða átta tölustafa númer.

Ef einungis er farið fram á að tiltekna sértækar afurðir, sem falla undir fjögurra, sex eða átta tölustafa númer, séu lagðar fram til opinbers eftirlits og engin sérstök skipting samkvæmt þessu númeri er til í sameinuðu nafnaskránni er númerið merkt með „úr“. Í því tilviki eru dýr og afurðir, sem falla undir þessa reglugerð, ákvörðuð samkvæmt gildissviði SN-númersins og samsvarandi lýsingu í 2. dálki og flokkun og skýringu í 3. dálki.

5. 2. dálkur — Lýsing

Lýsingin á vörnum er eins og mælt er fyrir um í dálknum með lýsingum í sameinuðu nafnaskránni.

Með fyrirvara um reglurnar um túlkun sameinuðu nafnaskrárinnar er litið svo á að þau orð sem eru notuð til að lýsa dýrum og vörum í 2. dálki hafi einungis leiðbeinandi gildi þar eð vörurnar, sem falla undir þessa reglugerð, eru ákvarðaðar samkvæmt SN-númerum.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðisefirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjútíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjútíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 87/369/EBE frá 7. apríl 1987 um niðurstöður alþjóðlegs samnings um samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskrá og bókun um breytingu við hann (Stjútíð. EB L 198, 20.7.1987, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE (Stjútíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).

6. 3. dálkur — Flokkun og skýring

Í þessum dálki eru nánari upplýsingar um dýr eða vörur sem falla undir hann. Frekari upplýsingar um dýr eða vörur, sem falla undir mismunandi kafla í sameinuðu nafnaskránni, er að finna í skýringum við sameinaða nafnaskrá Evrópusambandsins ⁽⁵⁾.

Vörur sem eru fengnar úr aukaafurðum úr dýrum, sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽⁶⁾ og reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eru ekki sérstaklega auðkenndar í lögum Sambandsins. Opinbert eftirlit skal fara fram með afurðum sem eru unnar að hluta til en eru áfram óunnar vörur sem á að vinna enn frekar í samþykkttri eða skráðri starfsstöð á ákvörðunarstað. Opinberir skoðunarmenn á landamæraeftirlitsstöðvum skulu meta og tilgreina, þegar þörf krefur, hvort afleidd afurð er nægilega unnin til að ekki þurfi frekara opinbert eftirlit sem kveðið er á um í lögum Sambandsins.

1. KAFLI

Lifandi dýr

Athugasemdir við 1. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla teljast öll lifandi dýr nema:

- a) Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingar í nr. 0301, 0306, 0307 eða 0308.
- b) Ræktaðar örverur og aðrar vörur í nr. 3002
- c) Dýr í nr. 9508.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 0106 teljast m.a. eftirfarandi húsdýr eða villt dýr:

A) Spendýr

- 1) Prímatar.
- 2) Hvalir, höfrungar og hnísur (spendýr af ættbálknum *Cetacea*); sækýr (manati og dugong) (spendýr af ættbálknum *Sirenia*); selir, sæljón og rostungar (spendýr af undirættbálknum *Pinnipedia*).
- 3) Önnur dýr (s.s. hreindýr, kettir, hundar, ljón, tígrisdýr, bjarnýr, fílar, úlfaldar (þ.m.t. drómedari), sebradýr, kanínur, hérar, hjartadýr, antilópur (aðrar en af undirættbálknum *Bovinae*), gemsur, refir, minkar og önnur dýr úr loðdýrarækt).

B) Skriðdýr (þar með talið snákar og skjaldbökur)

C) Fuglar

- 1) Ránfuglar.
- 2) Af páfagaukaætt (þar með taldir páfagaukar, skaftpáfar, arnpáfar og kakadúar).
- 3) Aðrir fuglar (s.s. akurhænur, fasanar, kornhænur, skógarsnípur, hrossagaukar, dúfur, skógarhænsni, dultittlingar, villtar endur, villtar gæsir, þrestir, svartþrestir, lævirkjar, finkur, meisur, kólibrifuglar, páfuglar, svanir og aðrir fuglar sem eru ótaldir í nr. 0105).

D) Skordýr s.s. býflugur (hvort sem þær eru fluttar í kössum, búrum eða býkúpum).

E) Önnur dýr, t.d. froskar.

Í þessu nr. eru undanskilin dýr sem tilheyra hringleikahúsum, dýrasöfnum eða öðrum áþekktum faranddýrasýningum (nr. 95.08).“

⁽⁵⁾ „Explanatory Notes to the Combined Nomenclature of the European Union“ (Stjtið. ESB C 76, 4.3.2015, bls. 1), eins og þeim var síðar breytt.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0101	Lifandi hestar, asnar, múlasnar og múldýr	Öll
0102	Lifandi dýr af nautgripaætt	Öll
0103	Lifandi svín	Öll
0104	Lifandi sauðfé og geitfé	Öll
0105	Lifandi alifuglar, þ.e. hænsni af tegundinni <i>Gallus domesticus</i> , endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni	Öll
0106	Önnur lifandi dýr	Öll, nær yfir öll dýr í eftirfarandi undirliðum: 0106 11 00 (prímatar) 0106 12 00 (hvalir, höfrungar og hnísur (spendýr af ættbálknum <i>Cetacea</i>); sækýr (manati og dugong) (spendýr af ættbálknum <i>Sirenia</i>); selir, sæljón og rostungar (spendýr af undirættbálknum <i>Pinnipedia</i>) 0106 13 00 (úlfaldar og önnur kameldýr (spendýr af ættinni <i>Camelidae</i>)) 0106 14 (kanínur og hérar) 0106 19 00 (önnur): spendýr önnur en í nr. 0101, 0102, 0103, 0104, 0106 11, 0106 12, 0106 13 og 0106 14; nær yfir hunda og ketti 0106 20 00 (skriðdýr, þar með talið snákar og skjaldbökur) 0106 31 00 (fuglar: ránfuglar) 0106 32 00 (fuglar: af páfagaukaætt (þar með taldir páfagaukar, skaftpáfar, arnpáfar og kakadúar) 0106 33 00 (strútar; emúar (<i>Dromaius novaehollandiae</i>)) 0106 39 (aðrir): nær yfir fugla, aðra en í nr. 0105, 0106 31, 0106 32 og 0106 33, þar með talið dúfur 0106 41 00 (býflugur) 0106 49 00 (önnur skordýr en býflugur) 0106 90 00 (önnur): öll önnur lifandi dýr, ótalin annars staðar, önnur en spendýr, skriðdýr, fuglar og skordýr. Lifandi froskar, hvort sem þeir eru haldnir lifandi í safnhúsum (vivaria) eða til aflfunar til manneldis, teljast til þessa númers.

2. KAFLI

Kjöt og ætir hlutar af dýrum

Athugasemdir við 2. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

- Vörur sem lýst er í nr. 0201–0208 eða nr.0210, óhæfar eða henta ekki til manneldis,
- Þarmar, blöðrur eða magar úr dýrum (nr. 0504) eða dýrablóð (nr. 0511 eða 3002).
- Dýrafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 (15. kafla).

...“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0201	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneldis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0203	Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0204	Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0205 00	Kjöt af hrossum, ösnum, múlösum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0206	Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0207	Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer.
0208	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst.	Allt. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer. Þetta nær yfir annað hráefni til framleiðslu gelatíns eða kollagens til manneðis. Nær yfir allt kjöt og æta hluta af dýrum í eftirfarandi undirliðum: 0208 10 (af kanínum eða hérnum) 0208 30 00 (af prímtötum) 0208 40 (af hvölum, höfrungum og hnísnum (spendýrum af ættbálknum <i>Cetacea</i>); af sækúm (manati og dugong) (spendýrum af ættbálknum <i>Sirenia</i>); af selum, sæljónum og rostungum (spendýrum af ættbálknum <i>Pinnipedia</i>)) 0208 50 00 (af skriðdýrum, þar með talið snákar og skjaldbökur) 0208 60 00 (úlfaldar og önnur kameldýr (<i>Camelidae</i>)) 0208 90 (annað: af alidúfum, af veiðidýrum öðrum en kanínum eða hérnum o.s.frv.): nær yfir kjöt af kornhænum, hreindýrum og öllum öðrum spendýrum. Nær yfir froskalappir með SN-númerið 0208 90 70.
0209	Svínafiti, án magurs kjöts, og alifuglafiti, ekki brædd eða úrdregin á annan hátt, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt	Öll, nær yfir bæði fitu og unna fitu eins og lýst er í 2. dálki, jafnvel þótt hún henti einungis til notkunar í iðnaði (óhæf til manneðis).
0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fín malað, úr kjöti eða hlutum af dýrum	Allt, nær yfir kjöt, kjötafurðir og aðrar afurðir úr dýraríkinu. Hráefni sem er ekki ætlað til manneðis eða hentar ekki til þess fellur þó ekki undir þetta númer. Nær yfir unnið dýraprótein og þurrkuð svínseyru til manneðis. Jafnvel þótt slík þurrkuð svínseyru séu notuð sem fóður kemur skýrt fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1125/2006 ⁽¹⁾ að þau mega falla undir 0210 99 49. Þurrkaðir hlutar af dýrum og svínseyru sem eru ekki hæf til manneðis falla undir 0511 99 85.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		Bein til manneldis falla undir nr. 0506. Pylsur falla undir nr. 1601. Kjarnar og safar úr kjöti falla undir nr. 1603. Hamsar falla undir nr. 2301.

(1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1125/2006 frá 21. júlí 2006 um flokkun á tilteknum vörum í sameinuðu nafnaskránni (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 3).

3. KAFLI

Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir bæði lifandi fiska til undaneldis og ræktunar, lifandi skrautfiska og lifandi fiska eða lifandi krabbadýr sem eru flutt lifandi en flutt inn til manneldis.

Allar afurðir í þessum hluta skulu falla undir opinbert eftirlit.

Athugasemdir við 3. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

- a) Spendýr í nr. 0106.
- b) Kjöt af spendýrum í nr. 0106 (nr. 0208 eða 0210).
- c) Fiskur (þar með talið lifur, hrogn og svil), krabbadýr, lindýr eða aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, dautt og óhæft eða hentar ekki til manneldis vegna tegundar eða ástands (5. kafli); mjöl, einnig fín malað, eða kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatna- eða sjávarhryggleysingjum, óhæft til manneldis (nr. 2301).
- d) Kavíar eða kavíarlíki unnið úr hrognum (nr. 1604).

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0301	Lifandi fiskur	Allt: nær yfir urriða, ál, vatnakarfa og allar aðrar tegundir eða allan fisk sem er fluttur inn til undaneldis eða ræktunar. Lifandi fisk, sem er fluttur inn til beinnar neyslu, skal meðhöndla, að því er varðar opinbert eftirlit, eins og um afurðir væri að ræða. Nær yfir skrautfiska í undirliðum 0301 11 00 og 0301 19 00.
0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304	Allt, nær yfir lifur, svil og hrogn, ný eða kæld, í SN-númeri 0302 91 00.
0303	Fiskur, frystur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304	Allt, nær yfir lifur, svil og hrogn, frosin, í undirlið 0303 91.
0304	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst	Öll
0305	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reykstur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu; fiskimjöl, fín- eða grófmalað, og kögglar, hæft til manneldis.	Allt, nær yfir aðrar fiskafurðir s.s. fiskimjöl, fín- og grófmalað, og köggla, hæft til manneldis; nær yfir fiskhousa, sporða og maga og aðrar fiskafurðir.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0306	Krabbadýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; reykt krabbadýr, í skel eða skelflett, hvort sem þau eru soðin fyrir eða við reykingu; krabbadýr, í skel, soðin í gufu eða vatni, einnig kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; mjöl, fín- eða grófmalað, og köggjar úr krabbadýrum, hæft til manneldis	Öll: að því er varðar opinbert eftirlit skal líta á og meðhöndla lifandi krabbadýr, sem eru flutt inn til beinnar neyslu, eins og um afurðir væri að ræða. Nær yfir skrautsæapa (e. <i>ornamental sea monkey</i>) og hjúpa (e. <i>cyst</i>) þeirra til notkunar sem gæludýr og öll lifandi skrautkrabbadýr eins og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 ⁽¹⁾ .
0307	Lindýr, einnig í skel, lifandi, ný, kæld, fryst, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi; reykt lindýr, einnig í skel eða skelflett hvort sem þau eru soðin fyrir eða við reykingu; mjöl, fín- eða grófmalað, og köggjar úr lindýrum, hæft til manneldis	Þetta nær yfir lindýr sem hafa e.t.v. verið soðin og síðan reykt. Önnur soðin lindýr falla undir nr. 1605. Nær yfir lifandi skrautlindýr eins og kveðið er á um með reglugerð (EB) nr. 1251/2008. Lifandi lindýr sem eru flutt inn til beinnar neyslu skal líta á og meðhöndla, að því er varðar opinbert eftirlit, eins og um afurðir væri að ræða. Nær yfir allt í undirlitum 0307 11 til 0307 99; dæmi um slíkt eru: 0307 60 (sniglar, þó ekki sæsniglar): nær yfir landsnigla af tegundunum <i>Helix pomatia</i> , <i>Helix aspersa</i> og <i>Helix lucorum</i> og tegundir af ættinni <i>Achatinidae</i> . Nær yfir lifandi snigla (þar með taldir lifandi ferskvatns-sniglar) til beinnar neyslu og einnig sniglakjöt til manneldis. Nær yfir snöggsöðna eða forunna snigla. Vörur sem eru unnar enn frekar falla undir nr. 1605. 0307 91 00 (önnur lindýr, lifandi, ný eða kæld, þ.e. önnur en ostrur, diskar, kræklingur (<i>Mytilus</i> spp., <i>Perna</i> spp.), tíarma smokkfiskur, tígulsmokkur, kraki, sæsniglar, samlokur, báruskeljar, birður, sæeyru (<i>Haliothis</i> spp.) og <i>Strombus</i> spp.: nær yfir kjöt af sjávarsniglategundum, einnig í skel. 0307 99 (önnur lindýr, önnur en lifandi, ný, kæld eða fryst, þ.e. önnur en ostrur, diskar, kræklingur (<i>Mytilus</i> spp., <i>Perna</i> spp.), tíarma smokkfiskur, tígulsmokkur, kraki, sæsniglar, samlokur, báruskeljar, birður, sæeyru (<i>Haliothis</i> spp.) og <i>Strombus</i> spp.: nær einnig yfir mjöl, fín- eða grófmalað, og köggla, hæft til manneldis).
0308	Vatna- og sjávarhryggleysingjar aðrir en krabbadýr og lindýr, lifandi, nýir, kældir, frystir, þurrkaðir, saltaðir eða í saltlegi; reyktir vatna- og sjávarhryggleysingjar aðrir en krabbadýr og lindýr hvort sem þeir eru soðnir fyrir eða við reykingu; mjöl, fín- eða grófmalað, og köggjar úr vatna- og sjávarhryggleysingjum öðrum en krabbadýrum og lindýrum, hæft til manneldis	Öll

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja (Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41).

4. KAFLI

Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrulegt hunang; ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**Athugasemdir við 4. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„1. Sem mjólk telst nýmjólk eða fleytt mjólk að hluta eða öllu leyti.

2. Í nr. 0405 er með:

- a) Smjóri átt við náttúrulegt smjör, mysusmjör eða samsett smjör (nýtt, saltað eða þræsið, þar með talið smjör í dósum) sem unnið er eingöngu úr mjólk, sem inniheldur mjólkurfitu sem er meira en 80% en ekki meira en 95% miðað við þyngd, föst mjólkurefni án fitu að hámarki 2% miðað við þyngd og vatn að hámarki 16% miðað við þyngd. Smjör inniheldur ekki viðbætt bindiefni, en getur innihaldið natríumklóríð, matarlit, hlutleysandi sölt og ræktaða skaðlausa gerla sem gefa af sér mjólkursýru.
- b) Mjólkurviðbiti átt við smyrjanlega þeytu af gerðinni “vatn í olíu”, sem inniheldur mjólkurfitu sem einu fitu í vörunni, með mjólkurfituinnihaldi sem er 39% eða meira en minna en 80% miðað við þyngd.

3. Vörur sem fengnar eru með þykkingu mysu og með íblöndun mjólkur eða mjólkurfitu skulu flokkaðar sem ostur í nr. 0406 enda sé eftirfarandi þrennt einkennandi fyrir þær:

- a) Fituinnihald sem er 5% eða meira miðað við þyngd þurrefnisins.
- b) Þurrefnisinnihald sem er miðað við þyngd að minnsta kosti 70% en ekki meira en 85%.
- c) Þær séu mótaðar eða mótanlegar.

4. Til þessa kafla telst ekki:

- a) Vörur fengnar úr mysu sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 95% af laktósa og nefndar eru vatnsfrír laktósi (nr. 1702).
- b) Vörur fengnar úr mjólk með því að skipta út einum eða fleiri náttúrulegum þáttum hennar (t.d. mjólkurfitu) fyrir aðra þætti (t.d. jurtafitu) (vöruliðir 1901 eða 2106).
- c) Albúmín (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysupróteína sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteínum) (nr. 3502) eða glóbúlín (nr. 3504).

...“.

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 0408 teljast heil, skurnlaus egg og eggjarauða allra fugla. Vörur, sem teljast til þessa númers, geta verið nýjar, þurrkaðar, soðnar í gufu eða vatni, mótaðar (t.d. sívöl „löng egg“), frýstar eða varðar skemmdum á annan hátt. Þær teljast allar til númersins, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni og notaðar sem matvæli eða í iðnaði (t.d. við sútn).

Til þessa númers telst ekki:

- a) Olía úr eggjarauðu (nr. 1506).
- b) Unnin egg sem innihalda kryddblöndu, krydd eða önnur aukefni (nr. 2106).
- c) Lesitín (nr. 2923).
- d) Aðskildar eggjahvítur (eggjaalbúmín) (nr. 3502).

...

Til nr. 0409 telst hunang býflugna (*Apis mellifera*) eða annarra skordýra, skilið í skilvindu eða í vaxkökunni eða með vaxköku-bitum, að því tilskildu að hvorki sykri né öðrum efnum hafi verið bætt við. Slíkt hunang má merkja eftir þeim blómum, sem það er upprunið úr, uppruna eða lit.

Til nr. 0409 telst ekki tilbúið hunang eða blöndur af náttúrulegu og tilbúnu hunangi (nr. 1702).

...

Til nr. 0410 teljast afurðir úr dýraríkinu, sem henta til manneldis, sem ekki eru tilgreindar eða skráðar annars staðar í sameinuðu nafnaskránni. Þetta tekur til eftirfarandi:

a) Skjaldbökueggja. Þetta eru egg vatna- eða sæskjaldbaka; þau geta verið ný, þurrkuð eða rotvarin á annan hátt.

Skjaldbökueggjaolía er undanskilin (nr. 15.06).

b) Svöluhreiddra. Þau eru úr efni, sem fuglinn gefur frá sér, sem storknar hratt þegar það kemst í snertingu við andrúmsloft.

Hreiðrin geta verið ómeðhöndluð eða geta verið hreinsuð til að fjarlægja fjaðrir, dún, ryk og önnur óhreinindi til að gera þau hæf til neyslu. Form þeirra er yfirleitt hvítleitar ræmur eða þræðir.

Svöluhreiddur innihalda mikið prótín og eru nær eingöngu notuð til að gera súpur eða önnur tilreidd matvæli.

Til nr. 0410 telst ekki dýrablóð, ætt eða ekki, fljótandi eða þurrkað (nr. 0511 eða 3002).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0401	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Allt. Mjólk í fóður fellur undir þetta númer en fóður sem inniheldur mjólk fellur undir nr. 2309. Mjólk til lækninga/sjúkdómsvarna fellur undir nr. 3001.
0402	Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Allt.
0403	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói.	Allt, nær yfir rjóma, bragðbættan eða með ávöxtum, frysta og gerjaða mjólk, til manneldis. Rjómaís fellur undir nr. 2105. Drykkjarvörur sem innihalda mjólk sem er bragðbætt með kakói eða öðrum efnum fellur undir nr. 2202.
0404	Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; afurðir úr náttúrlegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.	Allt, nær yfir mjólkurafurðir fyrir ungbörn. Undir SN-númer 0404 10 48 fellur nautgripabroddur, í fljótandi formi, fitusneyddur og án kaseínata, til manneldis, og undir SN-númer 0404 90 21 fellur úðaþurrkaður, fituskertur broddur í duftformi, með kaseínati, til manneldis.
0405	Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólk; mjólkurviðbit	Allt.
0406	Ostur og ystingur	Öll
0407	Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin	Allt, nær yfir útungunaregg og egg sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, frjóvguð egg til ræktunar (0407 11 og 0407 19). Nær yfir ný egg (0407 21 til 0407 29) og önnur egg (0407 90), óhæf eða hæf til manneldis. Nær yfir „100 ára gömul egg“. Eggjaalbúmín, sem er óhæft eða hæft til manneldis, fellur undir nr. 3502.
0408	Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni	Allt: til þessa númers teljast eggjaafurðir, einnig hitameðhöndlaðar, og afurðir sem eru óhæfar til manneldis.
0409 00 00	Náttúrlegt hunang	Öll

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0410 00 00	Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.	Öll Til þessa númers teljast drottningarhunang og býpétti (notað við framleiðslu á lyfjum og fæðubótarefnum) og annað efni úr dýrum til mannelis, að undanskildum beinum (sem falla undir 0506). Undir þetta SN-númer falla skordýr eða skordýraegg til mannelis.

5. KAFLI

Vörur úr dýraríkinu, ót.a.**Almennar athugasemdir**

Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða tiltekna afurðir í þessum kafla í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

7. lína: svínsburstir

8. lína: ómeðhöndluð ull og hár sem koma af öðrum dýrum en svínum

9. lína: meðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar og dúnn

Athugasemdir við 5. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

- Ætar vörur (þó ekki þarmar, blöðrur og magar úr dýrum, heilt og í stykkjum, og dýrablód, fljótandi eða þurrkað).
- Húðir eða skinn (þar með talin loðskinn), þó ekki vörur sem teljast til nr. 0505 og afklippur og áþekkur úrgangur úr óunnum húðum eða skinum sem telst til nr. 0511 (41. eða 43. kafla).
- Spunaefni úr dýraríkinu, þó ekki hrosshár og hrosshársúrgangur (flokkur XI).
- Tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum (nr. 9603).

...

- Hvarvetna í tollskránni er með flabeini átt við vígtennur úr filum, flóðhestum, rostungum, náhvelum og villisvínunum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
- Hvarvetna í tollskránni er með hrosshári átt við hár af makka eða svíra og tagli eða hala dýra sem teljast til hrossa- eða nautgripaætta. Til nr. 0511 telst m.a. hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig í lögum með eða án burðarefnis.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 0505 teljast:

- Hamir og aðrir hlutar af fuglum (t.d. hausar, vængir) með fjöðrum eða dúnn; og
- Fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúnn,

að því tilskildu að þau séu annaðhvort óunnin eða einungis hreinsuð, sóthreinsuð eða varin skemmdum en ekki unnin á annan hátt eða sett upp.

Til nr. 0505 teljast einnig duft, mjöl og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
0502 10 00	Burstir eða hár af grísum, alisvínum eða villisvínum og úrgangur þess	Allt, meðhöndlað og ómeðhöndlað.
0504 00 00	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum, nýtt, kælt, fryst, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt	Allt, nær yfir maga, blöðrur og garnir, verkuð, söltuð, þurrkuð eða hituð, úr dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitfé eða alifuglum.
úr 0505	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og hlutar af fjöðrum (einnig með jöfnuðum fjöðrum) og dúnn, ekki frekar unnið en hreinsað, sóthhreinsað eða varið skemmdum; duft og úrgangur af fjöðrum eða fjaðrahlutum	Allt, þar með talda veiðiminjar af fuglum, þó ekki skrautfjaðrir sem hafa verið meðhöndlaðar sérstaklega, meðhöndlaðar fjaðrir sem ferðamenn taka með sér til eigin nota eða sendingar með meðhöndluðum fjöðrum til einstaklinga sem ekki tengjast iðnaði. Með b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er innflutningur og umflutningur um Sambandið á ómeðhöndluðum fjöðrum og fjaðrahlutum og dúni bannaður. Opinbert eftirlit gildir um fjaðrir, óháð meðhöndlun þeirra, eins og um getur í C-lið VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Í 5. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er mælt fyrir um frekari sértækar kröfur varðandi veiðiminjagripi. Ákvæði 6. þáttar II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ná yfir fiður notað sem tróð, dún, óhreinsaðar fjaðrir eða aðrar fjaðrir.
0506	Bein og hornsló, óunnið, fitusneytt, lauslega forunnið (en ekki tilskorið), sýrumeðfarið eða gelatínsneytt; duft og úrgangur úr þessum vörum	Nær yfir bein sem eru notuð sem nagbein og bein til að framleiða gelatín eða kollagen ef þau eru fengin úr skrokkum sem hefur verið slátrað til manneldis. Beinamjöl til manneldis fellur undir nr. 0410. Mælt er fyrir um sértækar kröfur fyrir slíkar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis í 6. línu (veiðiminjagripir), 11. línu (bein og beinaafurðir (að undanskildu beinamjöli), horn og hornaafurðir (að undanskildu hornamjöli) og hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) sem eru ætluð til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætur og í 12. línu (nagbein) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
0507	Fílabein, skjaldbökuskeljar, hvalskíði og skíðishár, horn, hreindýrahorn, hófar og klaufir, neglur, klær og nef, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið; duft og úrgangur úr þessum vörum	Nær yfir meðhöndlaða veiðiminjagripi af fuglum og hóf- og klaufdýrum, sem eru eingöngu úr beini, hornum, hófum eða klaufum, klóm, hjartarhornum, tönnum eða húðum eða skinum frá þriðju löndum. Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða veiðiminjagripi í 6. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 0508 00 00	Kóralar og ápekk efni, óunnið eða lauslega forunnið en ekki frekar unnið; skeljar lindýra, krabbadýra eða skrápdýra og kolkrabbabein, óunnið eða lauslega forunnið en ekki tilskorið, duft og úrgangur úr þessum vörum	Tómar skeljar til notkunar í matvæli og sem hráefni í glúkósamín. Þar undir falla að auki skeljar, þ.m.t. kolkrabbabein, sem innihalda mjúkvefi og kjöt, eins og um getur í i. lið k-liðar 10.gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 0510 00 00	Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; kirtlar og aðrar vörur úr dýraríkinu sem notaðar eru við framleiðslu á vörum til lækninga, nýjar, kældar, frýstar eða á annan hátt varðar til bráðabirgða gegn skemmdum	Ambra og spanskflugur eru undanskilin. Kirtlar, aðrar dýraafurðir og gall falla undir þetta númer. Þurrkaðir kirtlar og vörur teljast til nr. 3001. Heimilt er að mæla fyrir um sértækar kröfur í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er varða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri, öðru en hráu gæludýrafóðri, og á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins (í lyf og aðrar tæknilegar afurðir).
úr 0511	Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafla, óhæf til manneldis	Allt. Nær yfir erfðæfni (sæði og fósturvísar úr dýrum, s.s. nautgripum, sauðfé, geitfé, hrossum og svínunum) og aukaafurðir úr dýrum, efni í 1. og 2. flokki eins og um getur í 8. og 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Eftirfarandi eru dæmi um dýraafurðir sem falla undir undirliði 0511 10 til 0511 99: 0511 10 00 (nautgripasæði). 0511 91 (vörur úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum): allt, nær yfir frjógvud hrogn, dauð dýr, aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri og í lyf og aðrar tæknilegar afurðir. Nær yfir dauð dýr sem um getur í 3. kafla, óæt eða flokkuð sem óhæf til manneldis, t.d. halafær, sem eru kallaðar vatnaflær, og aðra skelkrabba eða spaðfætlur, þurrkaða, til fóðrunar búrfiska; nær yfir beitu fyrir fiska. Úr 0511 99 10 (sinar; afklippur og áþekkur úrgangur úr óunnum húðum og skinnunum). Opinbert eftirlit er nauðsynlegt fyrir húðir og skinn sem eru ekki meðhöndluð eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Úr 0511 99 31 (óunnir svampar úr dýraríkinu): allir ef þeir eru ætlaðir til manneldis, ef ekki til manneldis þá einungis þeir sem eru ætlaðir í gæludýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna annarrar neyslu en til manneldis í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Úr 0511 99 39 (svampar úr dýraríkinu, aðrir en óunnir): allir ef þeir eru ætlaðir til manneldis, ef ekki til manneldis þá einungis þeir sem eru ætlaðir í gæludýrafóður. Mælt er fyrir um sértækar kröfur vegna annarrar neyslu en til manneldis í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		<p>Úr 0511 99 85 (aðrar vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. kafla, óhæf til manneldis): Fósturvísar, egg, sæði og erfðæfni, sem fellur ekki undir nr. 0511 10 og úr öðrum tegundum en dýrum af nautgripakyni, falla undir þetta númer. Nær yfir aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri eða á öðrum tæknilegum vörum.</p> <p>Nær yfir ómeðhöndlað hrosshár, býræktarafurðir, að undanskildu vaxi til notkunar í býrækt eða til tæknilegra nota, hvalaraf til tæknilegra nota, dauð dýr sem um getur í 1. kafla sem eru óæt eða ekki ætluð til manneldis (t.d. hundar, kettir, skordýr), efni úr dýrum þar sem mikilvægum eiginleikum hefur ekki verið breytt, og ætt dýrablód þó ekki úr fiski, til manneldis.</p>

6. KAFLI

Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts**Almennar athugasemdir**

Þessi kafli nær yfir sveppapræði í mylta úr dauðhreinsuðum húsdýraáburði.

Útdráttur úr skýringunum við sameinuðu nafnaskrána

„0602 90 10 Sveppapræðir:

Sveppapræðir er heiti yfir net af fíngerðum þráðum (*Thallus* eða *Mycelium*), sem finnast oft undir yfirborði jarðar, sem lifa og vaxa á yfirborði dýra- eða plöntuefnis sem er að brotna niður og þróast í vefjunum sjálfum og framleiða sveppi.

Þessi undirliður nær einnig yfir afurð sem samanstendur af sveppapráðum, ekki fullþroskuðum, sem eru settir í smásæjum skömmtum á lag af korni í mylta úr dauðhreinsuðu hrossataði (blanda af hálm og hrossataði).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 0602 90 10	Sveppapræðir	Einungis ef þeir innihalda unninn húsdýraáburð úr dýraríkinu og sértækar reglur eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

12. KAFLI

Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 1212 99 95	Aðrar vörur úr jurtaríkinu af tegund sem aðallega er notuð til manneldis, ót.a.	Býflugnafirjókorn

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 1213 00 00	Strá og hýði af korni, óunnið, einnig saxað, mulið, pressað eða í kögglum	Einungis hálmur
úr 1214 90	Fóðurnæpur, beðjur, fóðurrófur, hey, refasmári (alfalfa), smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og áþekkar fóðurvörur, einnig í köggjum: annað en refasmáramjöl og -köggjar	Einungis hey

15. KAFLI

Feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu og klofningsefni þeirra; unnin matarfeiti; vax úr dýra- eða jurtaríkinu**Almennar athugasemdir**

Öll feiti og olíur sem eru unnin úr dýrum. Sértekar kröfur er varða eftirfarandi afurðir eru settar fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

- brædd fita og fisklýsi í 3. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla,
- brædd fita úr efni í 2. flokki til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr (t.d. í tengslum við líffituefni) í 17. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla,
- fituafleiður í 18. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla.

Til fituafleiðna teljast hreinar afurðir úr fitu og olíum eftir fyrstu vinnslu, framleiddar með aðferð sem sett er fram í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Afleiður sem eru blandaðar með öðrum efnnum falla undir opinbert eftirlit.

Athugasemdir við 15. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

- Svínafitu eða alifuglafitu í nr. 0209.
- Kakaósmjör, feiti eða olía (nr. 1804).
- Ætar blöndur sem innihalda miðað við þyngd meira en 15% af vörum í nr. 0405 (venjulega 21. kafla).
- Hamsar (nr. 2301) eða leifar í nr. 2304–2306.

...

- Til nr. 1518 teljast ekki feiti eða olíur eða þættir þeirra, sem aðeins hefur verið mengað, og flokka skal í sama vörulið og samsvarandi ómengið feiti og olíur og þættir þeirra.
- Sápuafótur, olúfótur og -dreggjar, sterínþik, glyserólþik og ullarfeitiþik telst til nr. 1522.“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Til nr. 1516 teljast feiti og olíur úr dýra- og jurtaríkinu sem hefur verið breytt í efnafræðilegu ummyndunarferli á þann hátt sem getið er hér á eftir en ekki unnar frekar.

Til númersins teljast einnig þættir olíu úr jurta- eða dýraríkinu sem hafa verið meðhöndlaðir á svipaðan hátt.

Herðing, sem fæst með því að láta vörurnar komast í snertingu við hreint vetni við hæfilegt hitastig og þrýsting og með hvata (yfirleitt fingert nikkel), hækkar bræðslumark feiti og eykur þykkt olíu vegna þess að þá umbreytast ómettuð glýseríð (t.d. olíusýrur, línólsýrur o.s.frv.) í mettuð glýseríð sem hafa hærri bræðslumark (t.d. palmitínsýrur, sterínsýrur o.s.frv.).

Til nr. 1518 teljast blöndur eða framleiðsla, ekki til mannelis, úr feiti eða olíum dýra- eða jurtaríkisins eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla, ót. a.

Þessi hluti nær m.a. yfir notaða djúpsteikingarolíu sem inniheldur t.d. repjuolíu, sojabaunaolíu og lítið magn dýrafitu, til notkunar við framleiðslu á fódri.

Til númersins teljast einnig hertar, víxlestaðar, endurestaðar eða elaíðineraðar fitur og olíur eða þættir þeirra ef breytingin felur í sér fleiri en eina fitu eða olíu.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
1501	Svínafeiti (þar með talin hreinsuð svínafeiti (lard)) og alifuglafeiti, þó ekki vörur í nr. 0209 eða 1503	Öll
1502	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum, þó ekki vörur í nr. 1503	Öll
1503 00	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt	Öll
1504	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð en ekki efnafræðilega umbreytt	Allt, fisklýsi og olíur úr sjávarafurðum og sjávarspendýrum. Ýmsar ætar blöndur falla alla jafna undir nr. 1517 eða 21. kafla.
1505 00	Ullarfeiti og feiti efni unnin úr henni (þar með talið lanólín)	Öll, ullarfeiti sem er flutt inn sem brædd fita, eins og sett er fram í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eða lanólín sem er flutt inn sem millistigsafurð.
1506 00 00	Önnur dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt	Öll Óþattuð fita eða olíur og einnig upphaflegir þættir þeirra sem eru framleidd með aðferð sem sett er fram í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
1516 10	Feiti eða olíur úr dýraríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlestað, endurestað eða elaíðinerað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið	Allar: dýrafita og olíur. Að því er varðar opinbert eftirlit teljast hreinar afurðir úr dýrafitu og olíum eftir fyrstu vinnslu til fituafleiðna, framleiddar með aðferð sem sett er fram í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1517	Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til mannelis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum þessa kafla, þó ekki feiti eða olíur til mannelis eða þættir þeirra í nr. 1516	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1518 00 91	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjöllíðað með hita í lofttömi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516	Einungis úr dýraríkinu. Fituafleiður sem eru framleiddar með aðferð sem lýst er í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Sértækar kröfur eru settar fram í 17. línu (brædd fita) og 18. línu (fituafleiður) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1518 00 95	Blöndur eða framleiðsla, ekki til mannelis, úr feiti eða olíum dýra- eða jurtaríkisins og þáttum þeirra	Einungis blöndur úr fitu og olíu, brædd fita og afleiður úr dýrum; þ.m.t. notuð olía til matargerðar, sem ætluð eru til notkunar undir gildissviði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		Fituafleiður sem eru framleiddar með aðferð sem lýst er í 1. lið XI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 1518 00 99	Annað	Einungis ef það inniheldur fitu úr dýraríkinu.
úr 1520 00 00	Glýseról, hrátt; glýserólvatn og glýseróllútur	Einungis úr dýraríkinu.
1521 90 91	Óunnið býflugnavax og annað skordýravax	Allt, nær yfir vax í náttúrulegum vaxkökum, óunnið býflugnavax fyrir býrækt eða í tæknilegum tilgangi. Með c-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er innflutningur og umflutningur um Sambandið á býflugnavaxi í formi vaxkaka bannaður. Sértekur kröfur er varða aukaafurðir úr býrækt eru settar fram í 10. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
1521 90 99	Býflugnavax og annað skordýravax, einnig hreinsað eða litað, annað en óunnið.	Allt, nær yfir vax, unnið eða hreinsað, einnig bleikt eða litað, fyrir býrækt eða í tæknilegum tilgangi. Sértekur kröfur er varða aukaafurðir úr býrækt eru settar fram í 10. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Aukaafurðir úr býrækt, annað en býflugnavax, skulu lagðar fram til opinbers eftirlits samkvæmt SN-númeri 0511 99 85 „Annað“.
úr 1522 00	Degras; leifar sem falla til við meðferð á feitiefnum eða dýra- eða jurtavaxi	Einungis úr dýraríkinu. Sértekur kröfur eru settar fram í 18. línu (fituafleiður) í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

16. KAFLI

Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum**Athugasemdir við 16. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

- „1. Til þessa kafla telst ekki kjöt, hlutar af dýrum, fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum sem hefur verið unnið eða varið skemmdum á þann hátt er um getur í 2. eða 3. kafla eða í nr. 0504.
2. Matvæli teljast til þessa kafla ef þau innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra. Þegar í lögum eru tvær eða fleiri framangreindra vara skal flokka hana í þann vörulið 16. kafla sem svarar til þess efnisþáttar eða efnisþátta sem mest er af miðað við þyngd. Þessar reglur gilda ekki um fylltar vörur í nr. 1902 eða framleiðslu í nr. 2103 eða 2104.

Að því er varðar unnar vörur sem innihalda lifur; ákvæði annars málsliðar gilda ekki við að ákvarða undirliði í nr. 1601 eða 1602.

...“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
1601 00	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum	Allt, nær yfir kjöt, varið skemmdum, í mismunandi formum.
úr 1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1603 00	Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum	Einungis afurðir úr dýraríkinu. Nær yfir kjötkraft og kjötþykkni, prótínhlaup úr fiski, einnig kælt eða fryst, og einnig hákarlabrjósk.
úr 1604	Fiskur, unninn eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	Einungis afurðir úr dýraríkinu, soðnir eða forsoðnir tilbúnir réttir sem innihalda eða eru blandaðir með fiski eða fiskafurðum. Nær yfir tilreitt súrímí undir SN-númeri 1604 20 05. Nær yfir niðursoðinn fisk og niðursoðinn kavíar í loftþéttum flátum og einnig yfir sushí (að því tilskildu að það eigi ekki að flokkast undir SN-númer sem um getur í 19. kafla). Svokallaðir fiskpinnar (hrár fiskur eða hráar rækjur með grænmeti, þrætt upp á trépinna) flokkast undir SN-númer 1604 19 97.
úr 1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, unnin eða varin skemmdum	Einungis afurðir úr dýraríkinu. Nær yfir snigla, fullunna eða unna að hluta, niðursoðin krabbadýr eða aðra vatnahryggleysingja sem og duft úr kræklingum.

17. KAFLI

Sykur og sætindi

Athugasemdir við 17. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

...

b) Kemískt hreinn sykur (þó ekki súkrósi, laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi) eða aðrar vörur í nr. 2940.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 1702	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi	Laktósi. Sykur og gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi.

18. KAFLI

Kakaó og framleiðsla úr kakaói**Athugasemdir við 18. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

- „1. Til þessa kafla telst ekki framleiðsla í nr. 0403, 1901, 1904, 1905, 2105, 2202, 2208, 3003 eða 3004.
2. Til nr. 1806 teljast sætindi sem innihalda kakaó svo og önnur matvæli sem innihalda kakaó, leiði ekki annað af 1. athugasemd við þennan kafla.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 1806	Súkkulaði og önnur matvæli sem innihalda kakaó	Einungis afurðir úr dýraríkinu, t.d. mjólkurafurðir.

19. KAFLI

Framleiðsla úr korni, finmöluðu mjöli, sterkju eða mjólk; sætabrauð**Athugasemdir við 19. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„1. Til þessa kafla telst ekki:

- a) Matvæli sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum eða hvers konar samsetning þeirra (16. kafla), að undanskildum vörum með fyllingu í nr. 1902.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 1901	Framleiðsla matvæla úr mjöli, fín- eða gröfmöluðu, klíðislausu korni, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaó eða inniheldur minna en 40% miðað við þyngd af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunnni, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakaó eða innihalda minna en 5%, miðað við þyngd, af kakaói reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunnni, ót.a.	Einungis afurðir úr dýraríkinu. Nær yfir óelduð matvæli (t.d. flatbökur) sem innihalda afurðir úr dýraríkinu. Tilbúnir réttir teljast til 16. og 21. kafla.
1902 11 00	Ósoðið pasta, ekki fyllt eða unnið á annan hátt, með eggjainnihaldi	Öll
úr 1902 20 10	Fyllt pasta, einnig soðið eða unnið á annan hátt, með fiski, krabbadýrum, lindýrum og öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum sem að magni til er meira en 20% miðað við þyngd	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 20 30	Fyllt pasta, einnig soðið eða unnið á annan hátt, sem inniheldur meira en 20% miðað við þyngd af pylsum o.þ.h., af kjöti og ætum hlutum úr dýrum, þ.m.t. feiti af hvaða tegund eða uppruna sem er	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 20 91	Soðið fyllt pasta	Einungis afurðir úr dýraríkinu.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 1902 20 99	Annað [annað fyllt pasta, ósoðið]	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 30	Annað pasta en pasta í undirliðum 1902 11, 1902 19 og 1902 20	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1902 40	Couscous	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1904 10 10	Tilreidd matvæli úr belgdum eða steiktum maís	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 1904 90 10	Tilreidd matvæli úr hrísgrjónum	Einungis afurðir úr dýraríkinu, t.d. sushí (að því tilskildu að það eigi ekki að flokka þær í 16. kafla).
úr 1905	Sætabrauð	Einungis afurðir úr dýraríkinu.

20. KAFLI

Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntuhlutum**Athugasemdir við 20. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„1. Til þessa kafla telst ekki:

...

- b) Matvæli sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra (16 kafla).

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 2001	Matjurtir, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 2004	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í nr. 2006	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 2005	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í nr. 2006	Einungis afurðir úr dýraríkinu.

21. KAFLI

Ýmis matvælaframleiðsla**Athugasemdir við 21. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„1. Til þessa kafla telst ekki:

...

- e) Matvæli, önnur en vörur sem lýst er í nr. 2103 eða 2104, sem innihalda meira en 20%, miðað við þyngd, af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum, blóði, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, eða hvers konar samsetningu þeirra (16. kafla).

...

3. Sem jafnblönduð samsett matvæli í nr. 2104 telst framleiðsla úr fínlegri jafnblöndu tveggja eða fleiri undirstöðuefnisþátta, t.d. kjöts, fisks, matjurta, ávaxta eða hneta, í smásöluumbúðum til nota sem [fæða fyrir hvítvoðunga eða ung] börn eða sjúkrafæða, í umbúðum að nettóinnihaldi 250 g eða minna. Þegar skýrgreiningu þessari er beitt skal ekkert tillit tekið til efnisþátta sem settir eru í litlu magni í blönduna til bragðbætis, varnar skemmdum eða í öðrum tilgangi. Í slíkri framleiðslu mega vera sýnilegar agnir efnisþátta í litlu magni.

Viðbótarathugasemdir

...

5. Önnur tilreidd matvæli sem koma í afmældum skömmtum, s.s. hylki, töflur, brjóstsykur og pillur, og sem eru ætluð til notkunar sem fæðubótarefni skulu flokkast undir nr. 2106, nema þau séu talin annars staðar.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 2103 90 90	Sósur og framleiðsla í þær, blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni, mustarðsmjöl, fín- eða grófmalað, og unninn mustarður. — Annað	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 2104	Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett tilreidd matvæli	Einungis afurðir úr dýraríkinu. Þar með talinn barna matur í umbúðum með innihaldi að nettóþyngd ekki meira en 250 g.
úr 2105 00	Rjómafs og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi	Einungis afurðir úr dýraríkinu.
úr 2106 10	Próteínseyði og textúruð próteínefni	Einungis afurðir úr dýraríkinu; þó ekki fæðubótarefni í neytendaumbúðum, sem innihalda lítið magn (heildarmagn minna en 20%) af unnum dýraafurðum (þ.m.t. glúkósamín, kondróítín og/eða kítósan), öðrum en kjötafurðum.
úr 2106 90 51	Laktósasíróp	Einungis afurðir úr dýraríkinu; þó ekki fæðubótarefni í neytendaumbúðum, sem innihalda lítið magn (heildarmagn minna en 20%) af unnum dýraafurðum (þ.m.t. glúkósamín, kondróítín og/eða kítósan), öðrum en kjötafurðum.
úr 2106 90 92	Önnur matvæli ót.a., sem innihalda enga mjólkurfitu, súkrósa, ísóglúkósa, glúkósa eða sterkju eða innihalda minna en 1,5% mjólkurfitu, 5% súkrósa eða ísóglúkósa, 5% glúkósa eða sterkju, miðað við þyngd	Einungis afurðir úr dýraríkinu; þó ekki fæðubótarefni í neytendaumbúðum, sem innihalda lítið magn (heildarmagn minna en 20%) af unnum dýraafurðum (þ.m.t. glúkósamín, kondróítín og/eða kítósan), öðrum en kjötafurðum.
úr 2106 90 98	Önnur tilreidd matvæli, ót.a.	Einungis afurðir úr dýraríkinu; þó ekki fæðubótarefni í neytendaumbúðum, sem innihalda lítið magn (heildarmagn minna en 20%) af unnum dýraafurðum (þ.m.t. glúkósamín, kondróítín og/eða kítósan), öðrum en kjötafurðum.

22. KAFLI

Drykkjarvörur, áfengir vökvar og edik**Athugasemdir við 22. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„...“

3. Sem óáfengar drykkjarvörur í nr. 2202 teljast drykkjarvörur með 0,5% alkóhólstyrkleika eða minna miðað við rúmmál. Áfengar drykkjarvörur flokkast í nr. 2203–2206 eða nr. 2208 eftir því sem við á.

...“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 2202 99 99	Aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009 og innihalda 2% eða meira af fitu, miðað við þyngd, sem fengin er úr afurðum í nr. 0401–0404	Einungis mjólk og mjólkurafurðir.

23. KAFLI

Leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður**Athugasemdir við 23. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

- „1. Til nr. 2309 teljast vörur notaðar til dýraeldis, ót.a., sem fengnar eru með vinnslu efna úr jurta- eða dýraríkinu að því marki að þær hafa glatað megineinkennum hins upprunalega efnis, þó ekki jurtaúrgangur, jurtaleifar og aukaafurðir slíkrar vinnslu.

...“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Hamsar, himnukenndir vefir sem verða eftir þegar svínafita eða önnur dýrafita hefur verið brædd. Þeir eru aðallega notaðir við tilreiðslu á dýrafóðri (t.d. hundakexi) en eru áfram í nr. 2301 þó að þeir henti til manneldis.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
2301	Fín malað mjöl, grófmalað mjöl og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, úr fiski eða krabbadýrum, úr lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar	Allt, nær yfir unnið dýrapróttín, ekki til manneldis, kjötmjöl, ekki til manneldis, og hamsa, einnig til manneldis. Fiðurmjöl fellur undir nr. 0505. Sértækar kröfur er varða unnið dýrapróttín eru settar fram í 1. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 2309	Framleiðsla til dýraeldis	Öll, ef hún inniheldur afurðir úr dýraríkinu, þó ekki undirliðir 2309 90 20 og 2309 90 91.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		<p>Nær m.a. yfir hunda- og kattafóður í smásöluumbúðum (undirliður 2309 10) sem inniheldur dýraafurðir og leysanleg efni úr fiski eða sjávarspendýrum (SN-númer 2309 90 10). Vörur til notkunar í dýrafóður, þ.m.t. mjölblöndur (s.s. úr hófum og klaufum og hornum).</p> <p>Til þessa númers telst mjólk í fljótandi formi, broddur og afurðir sem innihalda mjólkurafurðir, brodd eða kolvetni, ekkert af því hæft til mannelis heldur til fóðrunar dýra.</p> <p>Nær yfir gæludýrafóður, nagbein og blöndur af mjöli, blöndur geta innihaldið dauð skordýr.</p> <p>Sértækar kröfur er varða gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein, eru settar fram í 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.</p> <p>Nær yfir eggjaafurðir, ekki til mannelis, og aðrar unnar afurðir úr dýraríkinu, ekki til mannelis.</p> <p>Sértækar kröfur er varða eggjaafurðir eru settar fram í 9. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.</p>

28. KAFLI

Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 2835 25 00	Kalsíumvetnisortófosfat (díkalsíumfosfat)	Einungis úr dýraríkinu. Sértækar kröfur er varða díkalsíumfosfat eru settar fram í 6. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 2835 26 00	Önnur kalsíumfosföt	Þríkalsíumfosfat, eingöngu úr dýraríkinu. Sértækar kröfur er varða þríkalsíumfosfat eru settar fram í 7. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

29. KAFLI

Lífræn efni

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 2922 49	Aðrar amínósýrur, aðrar en þær sem eru með fleiri en eina tegund súrefnisvirkni, og afleiður þeirra; sölt þeirra	Einungis úr dýraríkinu.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 2925 29 00	Önnur imín og afleiður þeirra, þó ekki klóródímeform (ISO); sölt þeirra	Kreatín úr dýraríkinu.
úr 2930	Lífræn brennisteinssambönd	Amínósýrur úr dýraríkinu, s.s.: — úr 2930 90 13 Systeín og systín — úr 2930 90 16 Afleiður systeíns eða systíns.
úr 2932 99 00	Önnur heterohringliða sambönd einungis með súrefnisheterofrumeindum	Einungis úr dýraríkinu, t.d. glúkósamín, glúkósamín-6-fosfat og sulföt þeirra.
úr 2942 00 00	Önnur lífræn sambönd	Einungis úr dýraríkinu.

30. KAFLI

Vörur til lækninga

Almennar athugasemdir

Fullunnin lyf, sem falla ekki undir reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og (ESB) nr. 142/2011, falla ekki undir skrána. Millistigs-afurðir falla þar undir.

Í nr. 3001 (kirtlar og önnur líffæri til lækninga, þurrkað, einnig í duftformi; kjarnar til lækninga, úr kirtlum eða öðrum líffærum eða úr seyti þeirra; heparín og sölt þess; önnur efni úr mönnum eða dýrum framleidd til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum, ót.a.) skipta einungis afurðir úr dýrum í undirliðum 3001 20 og 3001 90 máli fyrir opinbert eftirlit. Vísa skal til eftirfarandi sértækra krafna í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

1. í 2. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla að því er varðar blóðafurðir í tæknilegar vörur, þó ekki úr dýrum af hestaætt, og
2. í 3. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla að því er varðar blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt og
3. í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla að því er varðar aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri, öðru en hráu gæludýrafóðri, og afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins.

Í nr. 3002 (mannsblóð; dýrablóð framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómsgreiningar; mótsermi, aðrir blóðþættir og ónæmisfræðilegar vörur, einnig breyttar eða fengnar með líftæknifræðilegum aðferðum; bóluefni, toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur) skipta einungis undirliðir 3002 12 og 3002 90 máli fyrir opinbert eftirlit. Mannsblóð í 3002 90 10 og bóluefni í undirliðum 3002 20 og 3002 30 þurfa ekki að sæta opinberu eftirliti.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
3001 20 90	Kjarnar úr kirtlum eða öðrum líffærum eða seyti þeirra, þó ekki úr mönnum.	Allt; nær yfir afurð sem kemur í stað móðurmjólkur og er notuð til að fódra kálfa.
úr 3001 90 91	Efni úr dýrum, unnin til nota við lækningar eða til varnar sjúkdómum: heparín og sölt þess	Allar dýraafurðir, sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í samræmi við 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í a- til f-lið 33. gr. þeirrar reglugerðar.
3001 90 98	Önnur efni úr dýrum en heparín og sölt þess, unnin til nota við lækningar eða til varnar sjúkdómum, ót.a.	Allt. Auk kirtla og annarra líffæra sem getið er í skýringum fyrir nr. 3001 í samræmdu tollskránni (A) nær þess undirliður yfir heiladingul, nýrnahettuhylki og skjaldkirtil; þó ekki þau sem eru tilgreind í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3002 12 00	Mótsermi og aðrir blóðþættir	Einungis afurðir úr dýrum. Að undanskildum fullnum lyfjum til lokaneytenda. Að undanskildum mótefnum og DNA. Undir nr. 3002 eru settar fram sértækar kröfur fyrir aukaafurðir úr dýrum sem falla undir töflu 2 í 1. þætti í II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og tilgreindar í eftirfarandi línunum: í 2. línu: blóðafurðir aðrar en úr dýrum af hestaætt, í 3. línu: blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt.
3002 90 30	Dýrablóð, framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða greiningar	Öll
úr 3002 90 50	Ræktaðar örverur	Einungis sýklar og ræktir með sýklum fyrir dýr.
úr 3002 90 90	Annað	Einungis sýklar og ræktir með sýklum fyrir dýr.
úr 3006 92 00	Úrgangur lækningavara	Einungis afurðir úr dýrum. Lyfjáúrgangur, lyf sem eru óhæf til upphaflegs ætlaðs tilgangs.

31. KAFLI

Áburður

Athugasemdir við 31. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

a) Dýrablóð í nr. 0511.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3101 00 00	Áburður úr dýra- eða jurtaríkinu, einnig blandaður saman eða kemískt unninn; áburður framleiddur með blöndun eða kemískri vinnslu afurða úr dýra- eða jurtaríkinu	Einungis afurðir úr dýrum í óblönduðu formi. Nær yfir gúanó, að undanskildu steingerðu gúanó. Nær yfir húsdýraáburð sem er blandaður unnu dýra-prótíni, ef hann er notaður sem áburður; en blöndur af húsdýraáburði og efnablöndum sem eru nýttar sem áburður eru undanskildar (sjá nr. 3105 sem nær einungis yfir áburð, úr steinaríkinu eða kemískan). Sértækar kröfur er varða unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr húsdýraáburði og leðurblökugúanó eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 3105 10 00	Vörur sem teljast til þessa kafla í töflum eða áþekku formi eða í 10 kg umbúðum eða minni brúttó	Einungis áburður sem inniheldur afurðir sem eru unnar úr dýrum. Sértækar kröfur er varða unninn húsdýraáburð, afleiddar afurðir úr húsdýraáburði og leðurblökugúanó eru settar fram í 1. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

32. KAFLI

Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifulitir (pigment) og önnur litarefni; málning og lökk; kítti og önnur þéttiefni; blek**Athugasemdir við 32. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„...“

3. Til nr. 3203, 3204, 3205 og 3206 telst einnig framleiðsla að meginstofni gerð úr litunarefni (þar með talið, að því er varðar nr. 3206, dreifulitir í nr. 2530 eða 28. kafla, málmflögur og málmduft), til nota við litun hvers konar efnis eða sem efnisþættir við framleiðslu litunarefna. Þessir vöruliðir taka þó ekki til dreifulita sem eru í föstu efni, upplausn eða deigi og notaðir eru til framleiðslu á málningu, þar með talið smeltlakk (nr. 3212), eða önnur framleiðsla í nr. 3207, 3208, 3209, 3210, 3212, 3213 eða 3215.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3203	Litunarefni úr dýraríkinu (þar með taldir litunarkjarnar, þó ekki dýrasverta), einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litunarefni úr dýraríkinu	Einungis litunardreifilausnir að stofni til úr mjólkurfitu, notaðar við matvæla- eða fóðurframleiðslu.
úr 3204	Syntetísk lífræn litunarefni, einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr syntetísku lífrænu litunarefni; syntetísk lífræn efni til nota sem flúrbirtugjafi eða ljóm, einnig kemískt skýrgreind	Einungis litunardreifilausnir að stofni til úr mjólkurfitu, notaðar við matvæla- eða fóðurframleiðslu.

33. KAFLI

Rokgjarnar olíur og resinóid; snyrti- eða hreinlætisvörur

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3302	Blöndur af ilmandi efnum og blöndum (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginstofni úr einu eða fleiri þessara efna, til nota sem hræfni til iðnaðar; önnur framleiðsla að stofni til úr ilmandi efnum, til nota við framleiðslu á drykkjarvörum	Einungis bragðefni að stofni til úr mjólkurfitu, notuð til matvæla- eða fóðurframleiðslu.

35. KAFLI

Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3501	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím	Kaseín til manneldis, til fóðrunar dýra eða í tæknilegum tilgangi.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		Sértækar kröfur er varða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og brodd, ekki til manneldis, eru settar fram í 4. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 3502	Albúmín, (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysupróteína, sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysupróteínum), albúmínöt og aðrar albúmínafleiður	Nær yfir afurðir úr eggjum og úr mjólk, einnig til manneldis (þ.m.t. í dýrafóður). Sértækar kröfur er varða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og brodd, ekki til manneldis, eru settar fram í 4. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og er varða eggjaafurðir, ekki til manneldis, í 9. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
3503 00	Gelatín (þar með talið gelatín í réttþyrndum (þar með talið ferningslaga) þynnum, einnig yfirborðsunnið eða litað) og gelatínafleiður, fiskilím; annað lím úr dýraríkinu, þó ekki kaseíním í nr. 3501	Nær yfir gelatín til manneldis, í fóður og til tæknilegra nota. Gelatín í nr. 3913 (hert prótín) og í 9602 (unnin, óhert gelatín og vörur úr óhertu gelatíni), t.d. tómir belgir, ef það er ekki ætlað í matvæli eða dýrafóður, er undanskilið opinberu eftirliti. Sértækar kröfur er varða gelatín og vatnsrofið prótín, ekki til manneldis, eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og fyrir ljósmyndunargelatín í 11. þætti II. kafla XIV. viðauka við sömu reglugerð.
úr 3504 00	Peptón og afleiður þeirra; önnur próteínefni og afleiður þeirra, ót.a.; duft úr húðum, einnig krómunnið	Nær yfir kollagen og vatnsrofin prótín til manneldis, í fóður og til tæknilegra nota. Nær yfir kollagenafurðir, að stofni til úr prótíni, sem eru unnar úr húðum, skinnnum og sinum dýra, þ.m.t. bein þegar um að ræða svín, alifugla og fisk. Nær yfir vatnsrofin prótín sem samanstanda af fjölpeptíðum, peptíðum eða amínósýrum og blöndum úr þeim sem falla til við vatnsrof aukaafurða úr dýrum. Þau eru undanskilin opinberu eftirliti þegar þau eru notuð sem aukefni í tilreidd matvæli (nr. 2106). Nær yfir allar aukaafurðir mjólkur til manneldis ef þær falla ekki undir nr. 0404. Sértækar kröfur er varða kollagen eru settar fram í 8. línu og er varða gelatín og vatnsrofin prótín í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 3507 10 00	Rennet og kirni þess	Rennet og kirni þess, til manneldis, einungis úr dýraafurðum.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3507 90 90	Önnur ensím en ostahleypir og kirni þess eða fitukljúfur fitupróteína eða basískur prótínkljúfur úr Aspergillus.	Einungis úr dýrarfkinu.

38. KAFLI

Ýmsar kemískar vörur

Athugasemdir við 38. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„...“

4. Hvarvetna í tollskránni er með „sorpi bæjar- og sveitarfélaga“ átt við sorp sem safnað er frá heimilum, hótélum, veitingastofum, spítölum, verslunum, skrifstofum, o.þ.h., uppsöp frá götum og gangstéttum, og einnig úrgang frá byggingarstarfsemi og niðurbroti. Í sorpi bæjar- og sveitarfélaga er venjulega fjölbreytt efni svo sem plast, gúmmí, timbur, pappír, spunavörur, gler, málmar, fæðuefni, skemmd húsgögn og aðrir skemmdir eða yfirgefnir hlutir.

...“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3822 00 00	Prófefni á grunni til greininga eða fyrir rannsóknastofur og unnin prófefni til greininga eða fyrir rannsóknastofur, einnig á grunni, þó ekki þau sem eru í nr. 3002 eða 3006; staðfest viðmiðunarefni	Einungis afurðir úr dýrum, að undanskildum lækningatækjum eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/42/EBE (1) og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB (2).
úr 3825 10 00	Sorp bæjar- og sveitarfélaga	Einungis eldhússúrgangur sem inniheldur dýraafurðir, ef hann fellur undir gildissvið g-liðar 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að undanskildum eldhússúrgangi sem kemur beint frá flutningatækjum, sem eru starfrækt alþjóðlega, og er fargað í samræmi við d-lið 12. gr. þeirrar reglugerðar. Notuð olía til matargerðar sem ætluð er til notkunar innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, t.d. fyrir lífrænan áburð eða lífgas, getur fallið undir þetta SN-númer.

(1) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stj.íð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stj.íð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

39. KAFLI

Plast og vörur úr því

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3913 90 00	Aðrar náttúrlegar fjölliður (að algínsýru, söltum hennar og estrum undanteknum) og umbreyttar náttúrlegar fjölliður (t.d. hert próteín, kemískar afleiður náttúrlegs gúmmís), ót.a., í frumgerðum	Einungis afurðir úr dýrum, t.d. kondróitínsúlfat, kítósan, hert gelatín.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 3917 10 10	Gervigarnir (pylsuhólkar) úr hertu próteíni eða sellulósaefnum	Einungis afurðir úr dýrum.
úr 3926 90 92	Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914 úr þynnum	Tóm hylki úr hertu gelatíni í dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.
úr 3926 90 97	Aðrar vörur úr plasti og vörur úr efnum í nr. 3901–3914 úr öðru en þynnum	Tóm hylki úr hertu gelatíni í dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

41. KAFLI

Óunnar húðir og skinn (þó ekki loðskinn) og leður**Almennar athugasemdir**

Einungis húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum í nr. 4101, 4102 og 4103 eiga að falla undir opinbert eftirlit.

Mælt er fyrir um sértækar kröfur er varða húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum í 4. og 5. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Athugasemdir við 41. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Til þessa kafla telst ekki:

- a) Afklippur eða áþekkur úrgangur úr óunnum húðum eða skinum (nr. 0511).
- b) Fuglshamir eða hlutar af fuglshömum með tilheyrandi fjöðrum eða dún í nr. 0505 eða 6701; eða
- c) Húðir eða skinn, með hárum eða ull, óunnið, sútað eða verkað (43. kafli). Til 41. kafla teljast þó óunnar húðir og skinn, með hárum eða ull, af nautgripum (þar með taldir vísundar), af dýrum af hrossaætt, af sauðfé (þó ekki astrakan, breiðdindla, karakúl, persían og áþekkt lambaskinn, indversk, kínversk, móngólsk eða tíbesk lambaskinn), af geitum og kiðlingum (þó ekki yemensk, mongólsk, og tíbesk geita- og kiðlingaskinn), af svínunum (þar með talin moskussvín), gemsum, gasellum, úlföldum (þar með taldir drómedarar) hreindýrum, elgum, dádýrum, krónhjörtum og hundum.

...“.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 4101	Óunnar húðir og skinn af dýrum nautgripa- (þar með taldir vísundar) eða hrossaættar (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, þæklað eða varið skemmdum á annan hátt til geymslu, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig afhárað eða klofið	Einungis nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn, þar með talið þurrkuð, þurrsöltuð eða blautsöltuð eða varin skemmdum á annan hátt en með sútun eða samsvarandi aðferð Innflutningur án takmarkana kann að vera mögulegur fyrir meðhöndlaðar húðir og skinn eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum úr 4101 20 80 og úr 4101 50 90.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 4102	Óunnin skinn af sauðfé (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, þæklað eða varið skemmdum á annan hátt, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig með ull eða klofið, þó ekki það sem undan er skilið samkvæmt c-lið 1. athugasemdar við þennan kafla	Einungis nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn, þar með talið þurrkuð, þurrsöltuð eða blautsöltuð eða varin skemmdum á annan hátt en með sítun eða samsvarandi aðferð Innflutningur án takmarkana kann að vera mögulegur fyrir meðhöndlaðar húðir og skinn eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum úr 4102 21 00 og úr 4102 29 00.
úr 4103	Aðrar óunnar húðir og skinn (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, þæklað eða varið skemmdum á annan hátt, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig afhárað eða klofið, þó ekki það sem undan er skilið samkvæmt b- eða c-lið 1. athugasemdar við þennan kafla	Einungis nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn, þar með talið þurrkuð, þurrsöltuð eða blautsöltuð eða varin skemmdum á annan hátt en með sítun eða samsvarandi aðferð Innflutningur án takmarkana kann að vera mögulegur fyrir meðhöndlaðar húðir og skinn eins og um getur í 2. lið C-liðar í V. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum úr 4103 90 00.

42. KAFLI

Vörur úr leðri; reiðtygi og aktygi, ferðabúnaður, handtöskur og áþekkar hirslur; vörur úr dýraþörmum (þó ekki silkiormapörmum)

Athugasemdir við 42. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„...“

2. Til þessa kafla telst (m.a.) ekki eftirfarandi í þágu opinberra hagsmuna:

a) Dauðhreinsað girni til lækniáðgerða eða áþekkt dauðhreinsað seymi (nr. 3006).

...

ij) Strengir, skinn fyrir trumbur eða þess háttar eða aðrir hljóðfærahlutar (nr. 9209).

...“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 4205 00 90	Vörur úr leðri eða samsettu leðri	Nær yfir nagbein og efni til framleiðslu á nagbeinum.
úr 4206 00 00	Vörur úr þörmum (þó ekki silkiormapörmum), gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum	Nær yfir nagbein og efni til framleiðslu á nagbeinum.

43. KAFLI

Loðskinn og loðskinnsgervi; framleiðsla úr þeim**Athugasemdir við 43. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)**

„1. Hvarvetna í tollskránni er með loðskinnum, þó ekki óunnum loðskinnum í nr. 4301, átt við hvers konar dýrahúðir eða dýraskinn sem hafa verið sútuð eða verkuð með hárum eða ull á.

2. Til þessa kafla telst ekki:

- a) Fuglshamir eða hlutar af fuglshömum með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 0505 eða 6701).
- b) Óunnar húðir eða skinn, með hárum eða ull á, í 41. kafla (sbr. c-lið 1. athugasemdar við þann kafla).

...“.

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Nr. 4301: Með loðskinn er átt við óunnin skinn sem falla undir þetta nr., ekki einungis í náttúrulegu ástandi heldur einnig hreinsuð og varin skemmdum, t.d. með þurrkun eða söltun (blaut- eða þurr-).“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 4301	Óunnin loðskinn (þar með talið hausar, skott, skæklar og aðrir hlutar eða afskurður, nothæft til feldskurðar), þó ekki óunnar húðir eða skinn í nr. 4101, 4102 eða 4103	Öll, að undanskildum loðskinnum sem eru meðhöndluð í samræmi við VIII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ef þau eru í samræmi við 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Nær yfir eftirfarandi undirliði: — úr 4301 10 00 (minkaskinn, heil, einnig með haus, skotti eða skæklum): sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fódurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. — úr 4301 30 00 (lambaskinn, eftirfarandi: astrakan, breiðdindil, karakúl, persían og áþekkt lambaskinn, skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum eða tíbeskum lömbum, heil, einnig með haus, dindli eða skæklum): sértækar kröfur er varða húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum eru settar fram í 5. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. — úr 4301 60 00 (refaskinn, heil, einnig með haus, skotti eða skæklum): sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fódurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. — úr 4301 80 00 (önnur loðskinn, heil, einnig með haus, skotti eða skæklum): af öðru en hóf- og klaufdýrum, t.d. múrmeldýrum, villtum dýrum af kattaætt, selum, bjórrottum. Sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fódurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
		— úr 4301 90 00 (hausar, skott, skækklar og aðrir hlutar eða afskurður, nothæft til feldskurðar): sértækar kröfur er varða afleiddar afurðir til notkunar utan fôðurferlisins (loðskinn) eru settar fram í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

51. KAFLI

Ull, fingert eða grófgert dýrahár; hrosshárgarn og ofinn dúkur**Almennar athugasemdir**

Að því er varðar nr. 5101–5103 eru sértækar kröfur er varða ómeðhöndlaða ull og hár settar fram í 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Athugasemdir við 51. kafla (útdráttur úr athugasemdunum við þennan kafla í sameinuðu nafnaskránni)

„1. Hvarvetna í tollskránni er með:

- Ull átt við náttúrlegar trefjar sem vaxa á sauðfé.
- Fíngerðu dýrahári átt við hár af alpaka, lama, vikuna, úlfalda, þar með taldir drómedarar, yakuxa, angórageit, tfbetgeit, kashmírgeit eða áþekktum geitum (þó ekki hinni venjulegu geit), kanínu (þ.m.t. angórakanínu), héra, bifur, bifurrottu og bísamrottu.
- Grófgerðu dýrahári átt við hár af dýrum sem ekki er getið um hér að ofan, þó ekki hár og burstir til burstagerðar (nr. 0502) og hrosshár (nr. 0511).“

Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána

„Hvarvetna í tollskránni er með grófgerðu dýrahári átt við allt dýrahár annað en fingert dýrahár, þó ekki ull (nr. 5101), hár af makka eða tagli eða hala dýra af hestaætt eða nautgripaætt (flokkað sem „hrosshár“ nr. 0511), burstir eða hár af grísum, alisvínunum eða villisvínunum og greifingjahár eða annað hár sem er notað við burstagerð (nr. 0502) sbr c-lið 1. athugasemdar.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 5101	Ull, hvorki kembd né greidd	Ómeðhöndluð ull.
úr 5102	Fíngert eða grófgert dýrahár, hvorki kembt né greitt	Ómeðhöndlað hár, þar með talið grófgert hár af huppum dýra af nautgripaætt eða hestaætt.
úr 5103	Úrgangur úr ull eða fíngerðu eða grófgerðu dýrahári, þ.m.t. garnúrgangur, þó ekki tætt hráefni	Ómeðhöndluð ull eða hár.

67. KAFLI

Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum eða dún; gerviblóm; vörur úr mannhári**Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána**

„Nr. 6701 nær yfir:

- Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og dúnn og fjaðrahlutar sem, þó að þau teljist ekki enn vera tilbúnar vörur, hafa farið í gegnum annað ferli en einfalda meðhöndlun til hreinsunar eða sótthreinsunar eða til varnar skemmdum (sjá skýringar við nr. 0505); vörur í þessu númeri geta t.d. verið bleiktar, litaðar eða liðaðar.

B) Vörur úr hömum eða öðrum hlutum af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, vörur úr fjöðrum, úr dún eða úr fjaðrahlutum, einnig þótt fjaðrirnar eða dúnninn o.s.frv. séu óunnin eða einungis hreinsuð, en þó ekki hlutir úr fjöðurhryggjum eða fjöðurstöfum. Þess vegna fellur eftirfarandi undir númerið:

- 1) Stakar fjaðrir þar sem fjöðurstafirnar hafa verið víraðir saman eða bundnir saman til notkunar t.d. á hatta og einnig stakar samsettar fjaðrir sem eru settar saman úr mismunandi hlutum.
- 2) Fjaðrir sem eru settar saman í knippi og fjaðrir eða dúnn sem er settur saman með því að líma eða festa hann á textílefni eða annan grunn.
- 3) Leggingar úr fuglum, hlutum af fuglum, úr fjöðrum eða dún, á hatta, langa hálskraga, kraga, herðaslár eða annan fatnað eða fylgihluti.
- 4) Blævængir úr skrautfjöðrum með grind úr hvaða efni sem er. Blævængir með grind úr góðmálum eru þó flokkaðir í nr. 7113.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 6701 00 00	Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir, fjaðrahlutar, dúnn og vörur úr þeim (þó ekki vörur í nr. 0505 og unnir fjöðurstafir og fjöðurhryggir)	Einungis hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum eða dún, fjaðrir og dúnn og fjaðrahlutar. Vörur úr óunnum eða einungis hreinsuðum hömum, fjöðrum eða dún og fjaðrahlutum. Þó ekki skrautfjaðrir sem hafa verið meðhöndlaðar sérstaklega, meðhöndlaðar fjaðrir sem ferðamenn taka með sér til eigin nota eða sendingar með meðhöndluðum fjöðrum til einstaklinga sem ekki tengjast iðnaði. Sértækar kröfur er varða fjaðrir eru settar fram í 9. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

71. KAFLI

Náttúrlegar eða ræktaðar perlur, eðalsteinar eða hálfedalsteinar, góðmálmur, málmar klæddir góðmálmi, og vörur úr þessum efnum; glysvarningur; mynt

Álit 7101.21/1 varðandi flokkun í samræmda flokkunarkerfið

„Ostrur sem eru óhæfar til manneldis, innihalda eina eða fleiri ræktaðar perlur, eru varðar skemmdum með saltlegi og eru í loftþéttum málmumbúðum.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 7101 21 00	Óunnar ræktaðar perlur	Þar með talið ostrur sem eru óhæfar til manneldis, innihalda eina eða fleiri ræktaðar perlur, eru rotvarðar í saltlegi eða með öðrum aðferðum, pakkað í loftþéttar málmumbúðir. Óunnar ræktaðar perlur, eins og sett er fram í 2. þætti IV. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, nema þær falli ekki undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eins og kveðið er á um í f-lið 2. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar.

95. KAFLI

Leikföng, leikspil og íþróttabúnaður; hlutar og fylgihlutir til þessara vara**Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána**

„Búnaður fyrir skemmtigarða, farandhringleikahús og faranddýrasöfn og farandleikhús telst til nr. 9508 að því tilskildu að hann samanstandi af öllum nauðsynlegum einingum sem þarf fyrir venjulega starfrækslu þeirra. Til númersins teljast einnig hlutar af aukabúnaði að því tilskildu að þeir séu lagðir fram með þessum mismunandi skemmtibúnaði og sem íhlutir hans þrátt fyrir að þegar slíkir hlutar eru lagðir fram hver um sig (t.d. tjöld, dýr, hljóðfæri, rafstöðvar, hreyflar, ljósabúnaður, sæti, vopn og skotfæri) falla þeir undir önnur númer í tollskránni.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 9508 10 00	Farandhringleikahús og faranddýrasöfn	Einungis lifandi dýr.
úr 9508 90 00	Annað: búnaður fyrir skemmtigarða, farandleikhús	Einungis lifandi dýr.

96. KAFLI

Ýmsar framleiddar vörur**Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána**

Að því er varðar þetta númer vísar „unnin“ til efna sem hafa farið í gegnum meiri vinnslu en einfalda tilreiðslu sem er heimilud í númerinu fyrir umrætt hráefni (sjá skýringar við nr. 05.05–05.08). Númerið nær því yfir hluta úr fílabæini, stangir o.s.frv., tilskornir (þar með talið ferningslaga eða réttthyrnt) eða fægðir eða unnir á annan hátt með því að mala, bora, fræsa, renna o.s.frv. Þó eru stykki, sem ljóst er að eru hlutar af vörum, undanskilin þessu númeri ef slíkir hlutar falla undir annað númer í tollskránni. Þess vegna teljast píanónótaborðsplötur og plötur til að setja inn í skefti á skotvopnum til nr. 92.09 og 93.05, eftir því sem við á. Unnin efni, sem ekki er ljóst að eru hlutar af vörum, eru þó áfram flokkuð undir þetta númer (t.d. einfaldar skífur, plötur eða ræmur til innlagningar o.s.frv. eða til síðari notkunar við framleiðslu á píanónótaborðum).

Til nr. 9602 teljast þynnur úr óhörðnuðu gelatíni sem eru tilskornar á annan hátt en ferningslaga eða réttthyrnt. Þynnur sem eru tilskornar réttthyrnt (þ.m.t. ferningslaga), einnig yfirborðsunnar, teljast til nr. 35.03 eða 49. kafla (t.d. póstkort) (sjá skýringar við nr. 35.03). Vörur úr óhertu gelatíni eru meðal annars t.d.:

- i. Litlar skífur til að festa enda á billjarðskjuða.
- ii. Hylki fyrir lyf og fyrir eldsneyti á vélræna kveikjara.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 9602 00 00	Unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín sem telst til nr. 3503) og vörur úr óhertu gelatíni.	Tóm hylki úr óhertu gelatíni í matvæli eða dýrafóður; sértækar kröfur eru settar fram í 5. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 varðandi dýrafóður.

97. KAFLI

Listaverk, safnmunir og forngríp**Útdráttur úr skýringunum við samræmdu tollskrána**

„(A) Til þessa númers teljast dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffærafræðileg söfn og safnmunir, s.s.:

- 1) Dauð dýr af hvaða tegund sem er, þurrkuð eða varin skemmdum í vökva; uppstoppuð dýr fyrir söfn.

- 2) Blásin eða útsogin egg; skordýr í kössum, römmum o.s.frv. (annað en uppsettar vörur sem tengjast gerviskartgripum eða glingri) tómar skeljar, aðrar en þær sem henta til notkunar í iðnaði.
- 3) Fræ eða plöntur, þurrkaðar eða varðar skemmdum í vökva; grasasöfn.
- 4) Sýnishorn af jarðefnum (ekki eðalsteinar eða hálfedalsteinar sem falla undir 71. kafla); sýnishorn af steingervingum.
- 5) Beinafræðileg sýnishorn (beinagrindur, hauskúpur, bein).
- 6) Líffærafræðileg og meinafræðileg sýnishorn.“

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 9705 00 00	Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg eða myntfræðileg söfn og safnmunir	Einungis afurðir úr dýrum. Að undanskildum veiðiminjagripum og öðrum uppsettum dýrategundum sem hafa verið uppstoppaðar til fulls þannig að tryggt sé að þær varðveitist við stofuhita. Að undanskildum veiðiminjagripum og öðrum uppsettum tegundum en hóf- og klaufdýrum og fuglum (einnig meðhöndlaðir). Sértækar kröfur er varða veiðiminjagripi eru settar fram í 6. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

99. KAFLI

Sérstök SN-númer

Tölfræðileg númer fyrir tiltekna tilgreinda vöruflutninga

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir vörur sem eru upprunnar í þriðju löndum og afhentar á skip og loftför innan Evrópusambandsins samkvæmt tollumflutningsferli (T1).

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 9930 24 00	Vörur úr 1.–24. kafla í sameinuðu nafnaskránni sem eru afhentar til skipa og loftfara	Afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽¹⁾ .
úr 9930 99 00	Vörur, sem flokkaðar eru annars staðar, afhentar í sjó- og loftför	Afurðir úr dýraríkinu sem eru ætlaðar sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2007/275/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Skrá yfir samsettar afurðir sem falla undir opinbert eftirlit eins og um getur í 3. gr.“

b) Í stað fyrsta málslíðar kemur eftirfarandi:

„Í þessari skrá eru tilgreindar samsettar afurðir samkvæmt vöruflökkunarkerfinu sem er í notkun í Sambandinu til að fastsetja val á sendingum sem verður að leggja fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöð.“

c) Í stað 1. liðar í athugasemdunum við töfluna kemur eftirfarandi:

d) Í stað annarrar málsgreinar í athugasemdunum við töfluna í 4. lið kemur eftirfarandi:

„Ef notaður er fjögurra tölustafa kóði: ef annað er ekki tekið fram skal leggja allar afurðir sem hafa þennan fjögurra tölustafa kóða sem forskeyti eða sem falla undir þessa fjóra tölustafi, fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöð. Í flestum þessarar tilvika eru viðeigandi SN-númer, sem er að finna í Traces-kerfinu sem um getur í 4. mgr. 133. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sundurliðuð í sex eða átta tölustafa númer.“

e) Í stað 6. liðar í athugasemdunum við töfluna kemur eftirfarandi:

„6. 3. dálkur — Flokkun og skýring

Í þessum dálki eru nánari upplýsingar um afurðir sem falla undir hann. Frekari upplýsingar um samsettar afurðir, sem falla undir mismunandi kafla í sameinuðu nafnaskránni, er að finna í skýringum við sameinaða nafnaskrá Evrópusambandsins (*).

(*) „Explanatory Notes to the Combined Nomenclature of the European Union“ (Stjtið. ESB C 119, 29.3.2019, bls. 1), eins og þeim var síðar breytt.“

f) Kaflar 1, 2, 3, 4, 5, 6, 12, 23, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 35, 38, 39, 41, 42, 43, 51, 67, 71, 95, 96 og 97 falla brott.

g) Í stað allra færslanna í 3. dálki í töflunum í 15., 16., 17., 18., 19., 20., 21. og 22. kafla, Flokkun og skýring, kemur eftirfarandi:

„Einungis samsettar afurðir (sjá 4. og 6. gr. þessarar ákvörðunar).

Að því er varðar aðrar afurðir en samsettar afurðir sjá I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 (*).

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2007 frá 18. nóvember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skrár yfir dýr, afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hey og hálm sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum og um breytingu á ákvörðun 2007/275/EB (Stjtið. ESB L 312, 29.11.2019, bls. 1).“

h) Í stað 99. kafla kemur eftirfarandi:

„99. KAFLI

Sérstök númer í sameinaðri nafnaskrá

Undirkafli II

Tölfræðileg númer fyrir tiltekna tilgreinda vöruflutninga

Almennar athugasemdir

Þessi kafli nær yfir samsettar afurðir sem eru upprunnar í þriðju löndum og afhentar á skip og loftför innan Evrópusambandsins samkvæmt tollumflutningsferli (T1).

SN-númer	Lýsing	Flokkun og skýring
1)	2)	3)
úr 9930 24 00	Vörur úr 1.–24. kafla í sameinuðu nafnaskránni sem eru afhentar til skipa og loftfara.	Samsettar afurðir sem eru ætlaðar sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
úr 9930 99 00	Vörur, sem flokkaðar eru annars staðar, afhentar í sjó- og loftför.	Samsettar afurðir sem eru ætlaðar sem aðföng fyrir skip eins og kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Skrá yfir samsettar afurðir sem falla ekki undir opinbert eftirlit eins og um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr.“

b) Í stað fyrsta málsliðar kemur eftirfarandi:

„Í þessari skrá eru tilgreindar samsettar afurðir samkvæmt vöruflokkunarkerfinu, sem notað er í Sambandinu, sem þarf ekki að leggja fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöð.“

c) Í stað annarrar málsgreinar í athugasemdunum sem varða töfluna, í færslunni „1. dálkur — SN-númer“, kemur eftirfarandi:

„Ef notaður er fjögurra tölustafa kóði: ef annað er ekki tekið fram er ekki skylt leggja þær samsettu afurðir sem hafa þennan fjögurra tölustafa kóða sem forskeyti eða sem falla undir þessa fjóra tölustafi, fram til opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöð.“

d) Í athugasemdunum sem varða töfluna, í færslunni „2. dálkur — Skýring“, kemur eftirfarandi:

„2. dálkur — Skýring

Í þessum dálki eru nánari upplýsingar um samsettar afurðir sem falla undir undanþágur frá opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum. Þegar þörf krefur verður opinbert starfsfólk á landamæraeftirlitsstöðvum að meta innihaldsefni samsettrar afurðar og tilgreina hvort dýraafurðin, sem samsetta afurðin inniheldur, er nægilega unnin til að ekki sé þörf á opinberu eftirliti sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.“